

Vesturbyggð
Ármann Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 4. júní 2013
Tilvísun: UST20130400141/bs


Deiliskipulag Fit á Barðarströnd í og Naust í Vesturbyggð. Umsögn

Vísað er til bréfs Vesturbyggðar dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind deiliskipulög.

Fit Um er að ræða gerð byggingarreita fyrir tvö sumarhús á jörðinni Holtsfit. Húsin verða staðsett skammt sunnan og vestan núverandi útihúsa. Aðkoma verður að mestu eftir núverandi vegi. Lögð er áhersla á að fella sumarhúsin sem best að umhverfinu og að áhrif verði sem minnst og afturkræf. Umhverfisstofnun telur að þar sem ráðgert er að láta gömul útihús standa verði reynt ef þess er kostur að staðsetja sumarhús þannig að þau myndi eina heild með núverandi byggingum í stað þess að mynda þrjár húsabyrpingar. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Naust Hér er um að ræða lóð undir fódurstöð í landi Dufansdals. Starfsmanna- og vélahús ásamt fódurgeymslu eru staðsett í gamalli malargryfju og verða því lítt sýnileg frá alfaraleið. Gerð er krafa um að lýsing vinnusvæðis og litir bygginga verði lítt áberandi. Naust verður fellt að sjávarkambi. Hús önnur en fódursíló eru færlega gámahús á púða. Kvöð er um frjálsa umferð gangandi fólks meðfram strönd í fjöruborði. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur